



Ísrael 60 ára



Til hamingju Ísrael með afmælið.



Ísrael

Innflytendur gyðinga yfirgáfu Gasaströndina árið 2005 eftir um 30 ára búsetu, samkvæmt ákvörðum Ariel Sharons, forsetisráðherra og meiri hluta þings með þá von um að það yrði byrjun á væntanlegum friði. Ísrael hefur þurft í mörg ár að þola árásir frá þessu svæði, þar sem um 8000 gyðingar hafa haft búsetu.

Arabar sem búa þar eru meir en ein milljón... Brott flutningur gyðinga vakti heims athygli og von um friðartíma vaknaði. En því miður hefur ekkert breyst. Herskáir hryðjuverkamenn araba hafa haft stanslausar skotárásir á Ísrael. Fyrir stuttu síðan sendu þeir flugskeyti sem miðuð voru á raforkustöðvar á Askelon. Sjálfir njóta þeir rafmagns frá þessari stöð. Ísrael ákvað þá að loka fyrir rafmagnið í tvo tíma, en hætti við það vegna þess að sjúkrahús araba á Gasasvæðinu hafði ekki vara-rafmagnsgeymir. Þannig að þeir hættu við það.

7.2 milljónir íbúa í ríkinu Ísrael

Í byrjun ársins 2008 voru skráðir 7.2 milljón íbúar í Ísrael.

Af þessum eru 75.6 prósent, eða 5.472 milljónir Gyðingar.

Það eru 1.449 milljónir Ísraelskir arabar. 320.000 íbúar sem eru skráðir sem aðrir, eða ekki Gyðingar.



Ég vil þakka Lilju Óskarsdóttir fyrir að leifa mér að birta þessa gein um Skóla vonarinnar, sem birtis í <Góðu fréttir Suðurlands> 1.tbl.4.árg.Janúar 2008.

Þetta hjálparstarf sem byrjaði í Vestmannaeyjum hefur breiðst út og í dag styður Hvítasunnukirkja Fíladelfía skólann, og stuðningur kemur frá mörgum einstaklingum, víða um land. Við þökkum fyrir að Ísraelsvinir styðja hjálparstarf meðal Palestínuaraba á “vesturbakkanum”



Árídandi!

Það e nauðsynlegt að vekja athygli á því að ekki eru allir Palestínumenn múslimar og ekki eru allir múslimar hryðjuverkamenn.

Ísrael 60 ára

Frá fyrstu öld e.Kr. hefur gyðingahatur (andsemítismi) verið fyrir hendi í nær öllum löndum Evrópu og Gyðingar hvergi átt höfði sínu að halla. Rómverska herveldið undir stjórn Títusar hershöfðingja sigraði borgina Jerúsalem árið 70 e.Kr. Borgin eyðilögð og helgasti staður Gyðinga, musterið brennt til grunna. Aðeins einn útveggur forgarðarins er eftir sem er nefndur Vesturmúrinn eða Grátmúrinn. Eftir uppreisn Gyðinga gegn Rómverjum sem þeir töpuðu, dreifðust þeir um alla heimsbyggðina. Þó voru um 700.000 Gyðingar eftir í landinu. Það væri of langt mál að segja frá öllum þeim hildarleik sem þessi þjóð Gyðinga hefur þurft að liða í gegn um aldirnar. Um tíma bjuggu þeir um sig á Spáni, en árið 1492 voru allir Gyðingar gerðir útlægir þaðan og settust þeir þá að á Balkanskaga og víðar í Evrópu.

Hinn mikli trúarleiðtogi Marteinn Lúter tók afdráttarlausu andstöðu gegn Gyðingum, skrifað margar bækur geng þeim og hvatti kristnar kirkju að útiloka þá frá Guðþjónustum. Einnig hvatti hann bændur til að taka ekki Gyðinga í vinnu. Það er sagt að ædstu menn Nasista í seinni heimstyrjöldinni hefðu svarað fyrir gerðir sínar, vegna Gyðingaofsókna og drápa: “Við gerum aðeins það sem kirkjuféðurnir hafa sagt okkur að gera.” 6 milljónir Gyðinga voru myrtir í útrýmingarbúðum nasista. Mörg hundruð þúsund Gyðingar voru drepnir og sendir í þrælabúðir í Rússlandi undir stjórn Jósefs Stalíns.

Strax eftir síðari heimsstyrjöld, var ákveðið hjá hinum nýstofnuðu Sameinuðu þjóðum, að taka málefni Gyðinga og Palestínu til umfjöllunar og finna lausn sem bæði Gyðingar og Arabar gætu sætt sig við. Niðurstaðan varð sú á þingi Sameinuðu þjóðanna árið 1947 að samþykkt var að stofna tvö ríki í Palestínu, eitt fyrir Gyðinga og annað fyrir Araba. Fulltrúi Íslands, Thor Thors átti mikilvægan þátt í því, að Sameinuðu þjóðirnar náðu að taka ákvörðun. Gyðingar samþykktu þessa lausn mála en Arabar höfnuðu þessu alfarið og sögðu að það kæmi ekki til greina að stofna ríki Araba. Sjónarmið Araba árið 1947 er óbreytt í dag. “Við sættum okkur aðeins við að fá allt landið og Jerúsalem verði höfuðborg þess.”

Þann 14 Maí 1948 varð sá atburður sem hafði varanleg áhrif á mannkynssöguna. Að kvöldi þessa dags lýsti nýskipaður forsætisráðherra, yfir sjálfstæðu ríki Gyðinga í Palestínu sem fékk nafnið Ísrael. Landið náði yfir hluta af því landsvæði sem Gyðingar höfðu búið í og átt sína sögu í um 4000 ár en oft undir stjórn og yfirráðum annarra þjóða, var nú sjálfstætt ríki Gyðinga sem um tvöþúsund ár höfðu verið dreifðir meðal fjölda þjóða. Arabar náðu Palestínu á sitt vald árið 636 og stjórnðu múslímar landinu fram til ársins 1099, þegar krossfarar réðust á landið og stofnuðu ríki þar. Síðasta ríki krossfaranna leið undir lok 1299 eftir að hafa beðið ósigur fyrir herjum múslima. Tyrkir stjórnðu svo Palestínu frá 1517 -1917 (Tyrkir eru Evrópuþjóð ekki arabar) Á seinni hluta níttjándu aldar, jókst flutningur Gyðinga til landsins og keyptu þeir upp stór landsvæði af Tyrkjum. Þessi voru aðallega mýraflákar í órækt, engin tré og malaría geisaði þar. Þessir Gyðingar sáu þó fram í tímann. Þeir byrjuðu að þurrka upp landið og hófu að rækta það. Um svipað leiti fóru arabar að koma til landsins í atvinnuleit. Sérstaklega komu margir frá Egyptalandi. Í byrjun voru friðsamleg samskipti meðal þeirra. Gyðingar hjálpuðu m.a. Arabum að rækta jörðina. Því miður breyttist þetta þegar fleiri og fleiri Gyðingar fóru að koma til landsins, þá jókst einnig innflutningur araba frá mörgum nærliggjandi löndum. Arabaþjóðir sáu þarna hættu ef Gyðingar yrðu fjölmennir og tækju stjórn á landinu. Óeirðir brutust út hvað eftir annað og oft var mikið mannfall á báða bóga.

Hvernig voru nú móttökur hins nýfædda lýðræðisríkis Ísrael árið 1948. Það leið nú ekki sólarhringur þangað til hersveitir nágrannaþjóða Araba réðust inn í þetta nýja land, með það eitt huga, að útrýma þeim. Í hafið með þessa nýju þjóð. Þurrkum Ísrael út af landakortinu. Ísrael vann þetta stríð. Fimm sinnum hafa nágrannaþjóðir reynt að sigra þetta litla ríki, en alltaf beðið ósigur. Tvö arabaríki hafa þó gert friðarsamninga við Ísrael, Jórdanía og Egyptaland.

Ísrael er lýðræðisríki. Arabar búa hvergi við jafnmikið frelsi og í Ísrael, sbr. trúfrelsi, skoðanafrelsi og frjálssar kosningar. Arabar eiga fulltrúa í þinginu og starfa í ráðuneytum í Ísrael.

Ísrael! Til hamingju með afmælið

Þátturinn: ÍSRAEL Í DAG, er sýndur á sjónvarpsstöðinni Omega, Miðvikudaga kl.20:00 og Laugardaga kl.15:00

Hatursgleraugu Hjálmtýs Heiðdal.

Svar við opnugrein Hjálmtýs Heiðdal “Þarf alþjóðasamfélagið sterkari gleraugu?“ er birtist laugardaginn 15. des Þessi grein Hjálmtýs er furðu-þversagnakennd fyrir ýmissa hluta sakir. Annarsvegar dregur hann upp þá mynd af gyðingabjórðinni í Ísrael, að hún sé einhver ómannúðlegasti mannréttindabrotur og kúgari sem fyrirfinnst á jarðri og hneykslast mjög á ýmsum aðgerðum hennar sem bitna á óbreyttum palestínskum borgurum, en hinsvegar ber hann í bætifláka fyrir og afsakar á allan hátt miklu stórfelldari og alvarlegri mannréttindabrot öfgasamtaka Palestínnumanna gegn gyðingum í Ísrael.

En hver eru hin ætluðu mannréttindabrot Ísraels gagnvart Palestínnumönnum nákvæmlega ?

Þegar grannt er skoðað þá virðast þau fyrst og fremst vera afleiðingar af réttmætum öryggisviðbrögðum Ísraelsríkis við hryðjuverkum arabanna:

1. Tafsamar biðraðir og öryggisleit við landamæri og varðstöðvar.
2. Girðingar og öryggisveggir.
3. Óbeinar afleiðingar af þessum aðgerðum á samfélag Palestínnumanna.

Palestínnumenn kvarta einnig yfir handtökum meintra hryðjuverkamanna, niðurbroti á húsum þeirra og aftökum á þeim. Virðast þeir og stuðningsmenn þeirra engan greinarmun gera á aðgerðum Ísraels gegn vopnuðum og skipulögðum hryðjuverkahópum og svo aftur gegn óbreyttum borgurum. Sama má segja um umfjöllun sumra íslenskra fjölmiðla, einkum Ríkisútvarpsins.

Þegar rætt er um brot á mannréttindum palestínuaraba og annarra verður að hafa í huga hve margvísleg mannréttindi eru og hve oft réttindi eins hóps ganga þvert á réttindi annars hóps. Ákaflega auðvelt er að hafa uppi ásakanir um brot á mannréttindum, sé enngar sanngirni gætt. Hvort vegur til dæmis þyngra, réttur gyðinga til lífs samkvæmt 3. grein eða réttur Palestínnumanna til ferðafrelsis samkvæmt 13. grein, það er að segja ef sú grein á við þeirra aðstæður?

Ósannar yfirlýsingar um hungursneyð á Gaza

Sömuleiðis verður að benda á hversu margar ásakanir Palestínuarabanna og stuðningsmanna þeirra um mannréttindabrot Ísraels gegn þeim eru afar ótrúverðugar. Til dæmis eru fullyrðingar Sveins Rúnars Haukssonar undanfarið um hungursneyð og algjöran lyfjaskort á Gaza hrein ósannindi. Alþjóðastofnanir og samtök, sem þó eru afar hliðholl málstað Palestínuarabanna og að sama skapi andstæð Ísrael, svo sem Rauði Krossinn, UNRWA hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna og Human Right Watch lýsa ástandinu alls ekki með þeim hætti, heldur taka sumar sérstaklega fram á vefsíðum sínum að Ísraelar útvegi allar brýnustu nauðsynjar.



Ritíð, Sannleikurinn eða...Um staðgengilsguðfræðina. Sendum það ókeypis, hvert á land sem er.

Lygamafia “Palestínuvina“ fer hamförum

Ef aðrar umkvartanir talsmanna Palestínumanna um mannréttindabrot gegn þeim hafa þennan sama áreiðanleikas-
tuðul, er þá hægt að taka mikið mark á þeim?

Dylgjur Hjálmtýs um að ísraelskir sagnfræðingar hafi í nýopnuðum skjalasöfnum fundið sannanir um að opinber
stjórnvöld gyðinga hafi fyrir stofnun Ísraels haft þjóðernishreinsun araba beinlínis á stefnuskránni, virðast vera af
þessum sama meiði. Hann segir: “Skjölin sanna að það var vísvitnið stefna Síonista að hrekja eins marga araba burt
frá Palestínu og hægt var. “Þetta er órökstudd fullyrðing Hjálmtýs. Hversvegna nefnir hann ekki heimildir sínar ef
þær eru komnar fram? Hvernig hljóðar texti þeirra og hvað heita vísindamennirnir, sem fundu þær?

Hinn heimspekkti sagnfræðingur Benny Morris, sem þó er gagnrýninn á margt í framgöngu Ísraelsmanna, ályktar
eftirfarandi: “Það var engin áætlun í gangi hjá Síonistum að reka araba burt eða hræða þá til flóttu“. Hvað eins-
takir skæruliðahópar sem ekki tengdust opinberum stjórnvöldum gyðingasamfélagsins og afvopnaðir voru eftir
Sjálfstæðisstríðið 1948 kunna að hafa haft á stefnuskrá sinni er ekki vitað með vissu.

Samúð Ísraels með flóttamönnum

Samúð Ísraels með flóttamönnum, þrátt fyrir stöðugar skærur við öfgahópa meðal þeirra, hefur komið fram í
afar samvisskusömu umsjónar- og uppbyggingarstarfi á svæðum þeirra allt fram að stofnun Heimastjórnar Pal-
estínu 1994 og einnig eftir það. Framfarirnar í heilbrigðismálum Palestínumanna undir umsjón Ísraels síðustu
áratugina, vegamálum, veitu- og holræsamálum, fjarskiptamálum og menntamálum eru með ólíkindum. Allavega
fram að “intifadah“ uppreisnum þeirra hafa Ísraelar sinnt mannúðarskyldum sínum við þá með ágætum og mun
betur en ýmsar arababjóðirnar. Kunnugur tjáði mér að lífskjör í flóttamannabúðum í Libanon er hann skoðaði fyrir
nokkrum árum hefðu verið hrikaleg, miklu verri en á Vesturbakkanum. Lífskjör og tekjur Palestínuaraba á ums-
jónarsvæði Ísraels voru á tímabili fyrir “intifadah“ uppreisnirnar með þeim bestu meðal araba utan olíuríkja.
Fær ekkert stöðvað framgang lygamafíu “palestínuvina“ í fjölmiðlum hér á landi, ekki einu sinni virðuleg rit-
stjórn Morgunblaðsins?

Því vil ég að lokum hvetja íslensk stjórnvöld til að huga að lagasetningu eins og þeirri sem tekin hefur verið upp
nýlega í sumum nágrannalöndum okkar, sem skyldar fjölmiðla til að greina rækilega frá öllum sjónarmiðum aðila
í meiriháttar pólitískum deilum. Hlutdrægur og “palestínskur“ fréttaflytningur af deilum Ísraels og Palestínu hefur
valdið því að jafnvel stjórnvöld, t.d. utanríkisráðherra okkar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hafa skýra og skarpa sjón
á Palestínu-auganu en kolsvartan lepp fyrir Ísraels-auganu!

Gyðingahatur – andavald

Gamla gyðingahatrið, sem hefur áður beinst gegn Gyðin-
gum í útleigðinni, hefur færst yfir á ríkið Ísrael.

Andúð á Gyðingum hefur breyst í andúð á Ísrael. “Ég er
ekki á móti gyðingum, en ég er á móti Ísrael”

Hvað þýðir þetta? Jú Gyðingar mega vera til, bara ef þeir
halda hvorki fast í uppruna sinn og sögu né gera tilkall til
heimalands síns. Geri þeir tilkall til hluta þess eða íversta
falli alls landsins, mæta þeir mikilli mótstöðu. Þeim er
líkt við Nýja-nasista, hryðjuverkamenn o.s.fr.

*Ó Ísrael, bið þú til Drottins,
því hjá Drottni er miskunn,
Hjá honum er gnægð lausnar.
(Sálm.130.7)*

Gíróseðill.

Í þessu blaði liggur gíróseðill fyrir þá sem hafa
áhuga

Á að hjálpa starfi okkar.t.d.með útgáfu þessa frét-
tablaðs.

Við viljum gjarnar að það komi oftár út á ári.

Vinsamlega finnið ykkur ekki þvinguð til að greiða
nokkuð. Blaðið er ókeypis og verður það áfram.

Það sem Sveinn Rúnar Hauksson læknir, segir ekki....

Í Fréttablaðinu 7. desember birtist frétt undir fyrirsögninni Nýkominn aftur frá Gaza-svæðinu. Fréttin er frá Sveini Rúnari Haukssyni formanni Ísland-Palestína, (Hamasvinafélagið). Öll greinin er þrungin áróðri í garð Ísraels. Allt hið illa á Gaza, engir ferðamenn, atvinnuleysi, 70% atvinnuleysi og 80% prósent undir hungurmörkum. Fólklíf matargjöfum hjálparstarfsmanna, sem komast inn á svæðið, eftir duttlungum hersins. Sveinn Rúnar veit en segir ekki frá því að fyrir nokkrum vikum sendi Ísrael tvo stóra flutningabíla með matvæli og lyf, um 60 tonn til nauðstaddra á Gaza. Bílarnir fengu ekki að fara inná svæðið þar sem þeir voru með númeraplötur frá Ísrael. Hamasliðar stöðvuðu það. Sveinn Rúnar segir ekki hvers vegna engir ferðamenn koma þangað. Fréttamenn og ferðamenn hafa verðið aðvaraðir að fara ekki þangað, því þeir eiga á hættu að vera rænt eða jafnvel drepnir, e.t.v taldir vera bandaríkjamenn, zionistar eða gyðingar. Þetta veit Sveinn Rúnar, en segir ekki.

Daginn sem Sveinn komst ekki inná svæðið, var vegna stríðsástands. Þar sem Hamasliðar voru að skjóta á aðra Palestínumenn, er voru að minnast dauða Yasser Arafats. 7 voru drepnir, meðal þeirra eitt barn. Sveinn Rúnar veit þetta en segir ekki. Gyðingar sem höfðu búið á svæðinu í fjöldaára og ræktað upp landið, byggt skóla og samkomuhús. Rúmlega 8000 voru reknir burt þaðan út í eyðimörkina (af Ariel Sharon). Þetta var gert í þeirri vona að friður yrði á þessu svæði. Nú fengu Palestínumenn allt svæðið. Hvað skeði? Þeir byrjuðu á að brjóta niður öll hús sem gyðingar höfðu byggt, sprengdu m.a. Guðshús þeirra. Þetta var í ágúst 2005. Þetta veit Sveinn Rúnar en segir ekki. Jarðirnar sem gyðingarnir höfðu ræktað varð að órækt. Hamasliðar mynduðu her með nýtísku vopnum sem þeir smygluðu frá landamærum Egyptalands. Börnin voru nú þjálfuð í hermennsku og alin upp í gyðingahatri. Einnig ráku þeir Fatah hreyfinguna undir stjórn forseta Palestínumanna Abu Mazen burt frá Gaza og réðust einnig á aðalstöðvar þeirra í Ramallah, svívirtu minnigastað og skrifstofu Yasser Arafats og drápu óvini meðal Palestínumanna. Þetta veit Sveinn Rúnar en segir ekki.

Þann 4. Desember s.l. höfðu herskáir Palestínumenn á Gaza skotið 2000 Qassam rakettum yfir á Ísrael. Síðan í Ágúst 2005 höfðu hryðjuverkamenn á Gaza skotið 3.600 eldflaugum og sprengjuvörpum á Ísraelska bæi og landsvæði. 13 Ísraelskir borgarar hafa verið drepnir í þessum árásum, 307 hafa slasast og þurft áfallahjálp. 3 smábörn hafa einnig misst lífið í þessum árásum, 2ja ára Dorit Inso og tvö fjögurra ára Yuval Abegah og Afik Zahavi. Ef Palestínumenn á Gasa myndu rækta þetta frjósama landsvæði og breyta orku sinni í búskap, gætu þeir lifað góðu lífi þar. Þetta veit Sveinn Rúnar en segir ekki. Kunningi minn sem rak kristna bókaverslun á Gaza var drepin frá þrem börnum og ófrískri konu, fyrir það að hann vildi ekki afneyta trú sinni og gerast múslími. Þetta skeði 7. Október s.l. á Gaza. Þetta veit Sveinn Rúnar en segir ekki.

Sveinn Rúnar er hryggur yfir atvinnuleysi og vöntun á nauðsynjum á Gasa. Hann hneykslast úti Ísrael að þeir skuli ekki opna landamæri sín og skaffa Hamas-mönnum vinnu í Ísrael. Hamas menn hafa svarið þess að útrýma Ísrael af landakortinu! Sveinn veit þetta en segir ekki.

Þúsundir Palestínumanna frá Austur-Jerúsalem vilja nú gerast Ísraelskir þegnar, því þeir óttast ef múslímar fá yfirráð yfir Austur-Jerúsalem verði hagur þeirra mjög erfiður. Þeir eru vanir góðu samfélagi í óskiptri Jerúsalem. Ég gæti haft þetta mikið lengra bréf, en ég veit að Sveinn Rúnar veit þetta einnig, en þegir.

Ólafur Jóhannsson
Form. Félagsins Zíon vinir Ísraels

*Drottin blessi þig frá Zíon,
hann sem er skapari himins og jarðar
(Sálm.134.3).*

*Fagna þú og gleð þig dóttirin Zíon.
Því sjá, ég kem og vil búa mitt í þér.
Segir Drottinn.
(Sak.2:14)*



Hvetjum Presta, Kennimenn, söfnuði að biðja fyrir Ísrael, gyðingum og Palestínumönnum og Jerúsalem friðar.

Nýtt nafn!

Eins og lesendur hafa tekið eftir höfum við fengið nýtt nafn á blaðið Ísraels-fréttir.

Þetta nýja nafn er nú, Zíons-fréttir. Eins og sagt var frá í Ísraelsfréttum 1.tbl.13.árg.2006, var það síðasta blaðið.

Vegna hvatninga og stuðnings félaga að halda áfram að gefa út blað Ísraelsvina, er þetta nýja blað nú fætt.

Við treystum á hjálp þeirra sem vilja halda þessu starfi áfram, rita greinar, þýða greinar, gefa góð ráð, einnig að gefa framlög, svo við getum haldið áfram að hafa blaðið ókeypis.

JERUSALEM, TEMPLE MOUNT, BIRD'S EYE VIEW



Biblíulestur:

Lestu 11. kafla í Rómverjabréfinu.

Lestu 31.kafla hjá Jeremía.

Lestu 9.kafla,vers 9-15.hjá Amos

Lestu 36.kafla,vers 10.hjá Esikel

Letur: Times New Roman

ZapChan MdIt BT 1

*Munið, Skóla vonarinnar í Beit-Jala.
Styðjum börn gyðinga og araba*



Á Biblíuslóðir

Til “Landsins helga” Ísrael og til Petra í Jórdaníu.

Farastjóri: Snorri Óskarsson, (Snorri í Betel).

Ferðin hefst héðan 06.Júní og heim 18.Júní.

Farið verður á alla helstu staði Biblíunnar. Fyrts gist í Haifa.

Þaðan komið til Acco, Nasaret, Kapernaum, Gólanhæðirnar,

Komum til Cesareu Filippi, Bátsferð á Galíleuvatni. Gist við Dauðahafið. Eilat og þaðan til klettaborgarinnar Petra í Jórdaníu. Í Jerúsalem er Musterishæðin, Golgata, hin tóma gröf. Síonarhæð, VíaDola Rosa. Getsemanegarðurinn Olúfjallið og margt fleira.

Ferð sem gleymist aldrei. Allar upplýsingar gefur Snorri í síma: 897 1174. Takmarkaður sætafjöldi. Látið draum inn rætast.



Útgefandi Zíons fréttu
Félagið Zíon, vinir Ísraels, ásamt
fleiri Ísraelsvinum
Pósthólf 8930. 128 Rvk
Ritstjóri: Hreiðar Sæmundsson

Prentun og aðstoð, Samskipti h/f
Greinar sem skrifaðar eru undir
nafni, eru á ábyrgð höfunda.

www.zion.is



Útvarpsstöð fyrir þig og þína
allan sólarhringinn

Sími: 5800700



Sjónvarpsstöð með boðskap.
Hvers vegna ekki að gerast
stuðningsmaður?
Hringdu í s: 5800700

Ef einhver vill styðja félagið okkar, vegna útgáfu blaðsins og hjálparstarf meðal gyðinga og araba í Ísrael, er bent á reikning okkar í Landsbankanum. Kt.690191-1489 Banki 0137-05-069520

Félagið Zíon, vinir Ísraels hafa í mörg ár stutt Skóla Vonarinnar í Beit-Jala, sem er kristinn unglíngaskóli meðal fátækra Palestínnumanna.